

# Aðalfundur

## Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu

### 26. mars 2026

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis setti fundinn og kynnti tillögur um fundarstjóra og fundarritara. Hann lagði til að Gísli Guðni Hall yrði fenginn sem fundarstjóri og var það samþykkt með lófaklappi. Formaður lét svo fundinn í hendur fundarstjóra.

Fundarstjóri tók við fundinum og þakkaði fyrir traustið. Hann byrjaði á að tilnefna starfsmenn fundarins:

#### **Ritarar:**

Ívar Örn Ívarsson og Rut Ragnarsdóttir  
Samþykkt með lófaklappi

#### **Umsjón fjarfundar:**

Jóhanna Þórdórsdóttir og Axel Jón Ellenarson  
Samþykkt með lófaklappi

#### **Umsjón rafrænnar atkvæðagreiðslu:**

Þórður Höskuldsson  
Samþykkt með lófaklappi

#### **Rittúlkun á ensku:**

Niels Rúnar Gíslason  
Samþykkt með lófaklappi

Fundarstjóri kynnti Þórð Höskuldsson, umsjónarmann rafrænnar atkvæðagreiðslu. Þórður kom í pontu og fór yfir tæknileg atriði varðandi atkvæðagreiðslu. Hann tók fram að þar sem atkvæðagreiðsla færi fram á netinu þyrfti fólk að hafa snjalltæki tilbúin.

Að því loknu fór fundarstjóri yfir nokkur praktísk atriði:

Aðalfundur var auglýstur á tryggilegan hátt með a.m.k. 35 sólarhringa fyrirvara. Auglýsing um aðalfund í tímariti Sameykis var send til alls félagsfólks í lok janúar og aðalfundur auglýstur undir viðburðir á forsiðu vefs Sameykis.

Gögn fundar; ársskýrsla, reikningar félagsins og tillögur að lagabreytingum voru birt á „Mínum síðum“ 10 sólarhringum fyrir aðalfund.

Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan.

Aðalfundur er haldinn bæði í sal og á fjarfundi. Fundarstjóri benti á nauðsyn þess að sýna þolinmæði og tillitssemi þannig að allir upplifi sig sem þátttakendur á fundinum. Því þyrftu þátttakendur í sal að koma upp í pontu ef þeir vildu tala. Þátttakendur í fjarfundarbúnaði myndu hins vegar láta umsjónarmann fjarfundar vita ef þeir vildu tala og þá kæmu þeir í mynd á skjá.

Þátttakendur á fjarfundi voru beðnir að hafa lokað fyrir hljóðnemann, nema þegar þeir hefðu fengið orðið.

Um 110 úr hópi félagsfólks voru skráð á fundinn, þar af um 40 á fjarfundi.

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið frammi á netinu og telst samþykkt.

## Dagskrá

### 1. Skýrsla stjórnar

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, flutti ávarp þar sem hann fór yfir helstu verkefni og áherslur í starfi félagsins á liðnu ári, m.a. réttindabaráttu, þjónustu við félagsfólk, uppbyggingu innra starfs og þau viðfangsefni sem fram undan eru.

#### Ávarp formanns:

*Kæru félagar,*

*Heilt ár síðan ég stóð hérna síðast. Tíminn hefur þotið áfram, þvilíkt ferðalag.*

*Mér finnst eins og ég sé enn nýsestur við skrifborðið á Grettisgötu 89 en verkefni félagsins á árinu segja sem betur fer aðra sögu.*

*Árið 2025 einkenndist af öflugri réttindabaráttu, markvissri þjónustu og áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Við höfum staðið vörð um kjör félagsfólks, veitt öflugra ráðgjöf og unnið markvisst að því að byggja upp sterkt félag til framtíðar.*

*Sameyki er í dag þriðja stærsta stéttarfélag landsins. Það er mikil ábyrgð – en líka mikill styrkur.*

*Opinber þjónusta er ein af grunnstoðum samfélagsins. En hún stendur og fellur með fólkinu sem sinnir henni. Fólk sem sinnir mikilvægum störfum – oft við krefjandi aðstæður. Þess vegna skiptir máli að umræðan um þessi störf sé málefnaleg, byggð á staðreyndum – ekki hagsmunadrifnum túlkunum.*

*Við höfum tekið skýra afstöðu í þeirri umræðu og látið rödd félagsfólks heyrast. Við höfum bent á að góð starfsskilyrði eru ekki vandamál – þau eru forsenda góðrar þjónustu.*

*Starf félagsins hefur verið öflugt á mörgum sviðum. Við höfum eftir þjónustu skrifstofunnar, bætt verkferla og aukið rafræna upplýsingamiðlun til að gera þjónustuna aðgengilegri og skilvirkari. Við höfum einnig styrkt innra starf, skýrt hlutverk stjórnar og unnið markvisst að betra skipulagi.*

*Trúnaðarmenn eru hjarta félagsins. Þeir eru okkar sterkasta tenging við vinnustaðina og lykillinn að því að réttindi séu ekki bara orð á blaði heldur raunveruleiki. Á árinu höfum við lagt aukna áherslu á fræðslu, stuðning og samtal við trúnaðarmenn og félagsfólk um allt land.*

*Við höfum einnig sett aukinn kraft í að ná til ungs fólks, meðal annars í gegnum háskólasamfélagið. Það er lykilatriði fyrir framtíð félagsins að við virkjum nýja kynslóð og tryggjum að hún sjái gildi þess að standa saman.*

*Við sjáum líka skýrt hversu mikilvægir sjóðir félagsins eru. Fræðslusjóðirnir styðja við starfsþróun og menntun – þar voru þúsundir styrkja veittar á árinu. Styrktar- og sjúkrasjóðurinn greiddi yfir 700 milljónir í styrki og studdi þannig félagsfólk á erfiðum tímum.*

*Þetta eru ekki bara tölur á blaði heldur líf okkar fólks í Sameyki sem endurspeglast í raunverulegum stuðningi og hefur raunveruleg áhrif*

*Við höfum einnig haldið áfram að efla umræðu um vinnustaðamenningu og mannauðsmál, meðal annars í gegnum verkefnið Stofnun ársins. Það er ekki bara mæling – heldur mikilvægt verkfæri til umbóta og áminning um að góð vinnustaðamenning verður ekki til af sjálfu sér.*

*Upplýsingamiðlun hefur verið öflug á árinu með virkri vefsíðu, samfélagsmiðlum og útgáfu. Hundruð fréttar og pistlar voru birt og tugir þúsunda heimsóknar á vefinn sýna að félagsfólk leitast til Sameykis eftir upplýsingum og stuðningi.*

*Fram undan eru stór verkefni – og þau verða ekki einföld.*

*Við stöndum frammi fyrir breytingum á vinnumarkaði, tæknibreytingum og auknum kröfum til opinberrar þjónustu. Á sama tíma eru uppi áform sem geta haft veruleg áhrif á réttindi opinberra starfsmanna, þar á meðal breytingar á áminningarskyldu. Óvissuástandið varðandi kjarasamningana hangir yfir samfélaginu, við munum kalla eftir því að allir taki ábyrgð. Við sættum okkur ekki við að launafólk taki á sig skellinn.*

*Eitt er skýrt:*

*Styrkur Sameykis liggur ekki einungis í stærðinni – heldur í samstöðunni. Og þegar við stöndum saman, þá skiptir rödd okkar máli.*

*Með öflugum starfsfólki, samstilltri stjórn og sterku trúnaðarmannakerfi höldum við áfram að byggja upp félag sem stendur þétt við bakið á félagsfólki og leggur sitt af mörkum til að styrkja samfélagið í heild.*

*Kæru félagar – höldum áfram. Saman.*

*Kári Sigurðsson, formaður Sameykis.*

Umræður um skýrslu stjórnar verða í boði eftir að reikningar félagsins hafa verið kynntir.

## 2. Endurskoðaðir reikningar og kynning fjárhagsáætlunar

Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar fyrir síðastliðið almanaksár og fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

Borghildur Sigurðardóttir fjármálastjóri kynnti ársreikning 2025 og fór yfir stöðu félagssjóðs og orlofssjóðs:

- Félagssjóður Sameykis - sér um daglegan rekstur skrifstofu Sameykis.
  - Hagnaður ársins: 96.220.728 kr.
  - Eignir: 1.255.973.034 kr.. Eigið fé félagsins er rúmar 513.848.279 kr., langtímaskuldir 629.529.235 kr. og skammtímaskuldir 112.595.520.
  
- Orlofsjóður Sameykis - okkar helstu eignaumsvif og er í daglegum rekstri.
  - Tekjur samtals: 871.760.488 kr., rekstrargjöld 644.406.180 kr. og hagnaður ársins: 234.414.215 kr.
  - Fastafjármunir: 2.316.311.456 kr., eignir samtals: 2.464.452.238 kr., Eigið fé: 2.322.861.669 kr., langtíma skuldir engar og skammtíma skuldir: 141.590.569 kr.

Gunnsteinn R. Ómarsson framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun næsta árs.

Hann gerði jafnframt grein fyrir breyttu verklagi við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlunar í kjölfar breytinga á lögum félagsins sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi. Fram kom að áætlunin hefði verið samþykkt í stjórn í nóvember 2025. Fjárhagsáætlunin byggir á stöðugum rekstri sjóðanna og varfærum forsendum um tekju og kostnaðarþróun á árinu. Gerð var grein fyrir helstu tekju og gjaldaliðum, samanburði við rauntölur ársins 2025 og áætlaðri afkomu ársins 2026. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu hjá báðum sjóðum, 69,0 m.kr. hjá Félagssjóði og 138,2 m.kr. hjá Orlofssjóði. Fram kom að fyrirséð væri að uppfæra þyrfti ætlunina ef tillaga að breyttu árgjaldi (liður 5) og sameining við Póstmannafélag Íslands (liður 6) yrði samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði Borghildi og Gunnsteini fyrir kynninguna og bauð því næst upp umræður um dagskrárliði 1 og 2, engar athugasemdir eða umræður fóru fram.

Skýrsla stjórnar og reikningar eru samþykkt einróma með handauppréttingu.

## 3. Lagabreytingar

Fundarstjóri segir tillögur að lagabreytingum hafi legið fyrir 10 dögum fyrir aðalfund og voru aðgengilegar á skrifstofu og á „Mínum síðum“ 10 dögum fyrir aðalfund.

Fundarstjóri kynnir tillögurnar í heild. Í kjölfarið verður hver tillaga tekin fyrir og borin upp til atkvæða.

Laganefnd starfaði í aðdraganda aðalfundar. Nefndina skipa:

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, formaður

Egill Kristján Björnsson

Egill Heiðar Gíslason

Garðar Svansson

Helga Bryndís Kristjánsdóttir

Kristín Erna Arnardóttir

Suzana Vranješ

Svanhildur Steinarsdóttir

Trausti Jónsson

Gunnsteinn R. Ómarsson framkvæmdastjóri og Jenný Þórunn Stefánsdóttir og Ívar Örn Ívarsson lögfræðingar Sameykis störfuðu með nefndinni.

Laganefnd Sameykis leggur til eftirfarandi breytingar á lögum Sameykis:

Fundarstjóri leggur til að orðalagsbreytingar sem ekki leiða til efnisbreytinga, samræmingar á framsetningu og texta verði samþykktar í einu lagi í lok atkvæðagreiðslu og er það samþykkt.

### **1. Tillaga að breytingu á 6. gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Þau sem greiða ekki félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði njóta hvorki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda fyrr en viku eftir að þau hafa greitt skuld sína við félagið. Félagisstjórn er heimilt að undanþiggja einstaklinga félagsgjöldum ef veikindi eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Þau sem greiða ekki félagsgjöld í a.m.k. tvo mánuði njóta hvorki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda fyrr en viku eftir að þau hafa greitt skuld sína við félagið. Félagisstjórn er heimilt að undanþiggja einstaklinga félagsgjöldum ef veikindi eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Markmið:

Samræma tímamörk um réttindamissi félagsfólks við framkvæmd sjóða félagsins og tryggja skýrari og samræmdari reglu um félagsréttindi.

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 89%

Nei: 11%

Tillagan er samþykkt.

## **2. Tillaga að breytingu á 8. gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn og telst viðkomandi hafa gengið úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst félagsstjórn. Óheimilt er að segja sig úr félaginu eftir að vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til kjarasamningar hafa komist á.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn og telst viðkomandi hafa gengið úr félaginu tveimur mánuðum eftir að úrsögn barst félagsstjórn. Óheimilt er að segja sig úr félaginu eftir að vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til kjarasamningar hafa komist á.

Markmið:

Samræma tímamörk úrsagnar við aðrar reglur félagsins og tryggja skýrari og einfaldari framkvæmd úrsagnarferlis.

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 95%

Nei: 5%

Tillagan er samþykkt.

## **3. Tillaga að breytingum á 9. gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Stjórn félagsins skipa fimmtán einstaklingar, formaður og fjórtán meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgilds félagsfólks til þriggja ára í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega en fjórtán meðstjórnendur skulu kosnir í einu lagi. Ekki má sami einstaklingur gegna störfum formanns lengur en fjögur kjörtímabil (12 ár) samfelld.

Þótt formaður hafi setið í stjórn félagsins hefur það engin áhrif á þann tíma sem honum er heimilt að gegna formennsku. Meðstjórnendum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár). Stjórnin kys úr sínum hópi varaformann og ritara. Ef eitt eða fleiri ganga úr stjórn á kjörtímabilinu, er stjórn heimilt að tilnefna nýjan einstakling í stjórn sem Trúnaðarmannaráð verður að staðfesta.

Ef formaður gengur úr stjórn á kjörtímabilinu þá tekur varaformaður við fram að næsta kjöri.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Stjórn félagsins skipa fimmtán einstaklingar, formaður og fjórtán meðstjórnendur skulu kosnir úr hópi fullgilds félagsfólks. Formaður skal kosinn sérstaklega. Formaður skal kjörinn til 4 ára í senn. Ekki má sami einstaklingur gegna störfum formanns lengur en 3 kjörtímabil (12 ár) samfelld.

Kjósa skal sjö meðstjórnendur til 4 ára á 2 ára fresti.

Kjósa skal tvo varamenn stjórnar til 2 ára á aðalfundi.

Þótt formaður hafi setið í stjórn félagsins hefur það engin áhrif á þann tíma sem honum er heimilt að gegna formennsku. Meðstjórnendum er ekki heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (12. ár). Stjórnin kys úr sínum hópi varaformann og ritara. Ef eitt eða fleiri ganga úr stjórn á kjörtímabilinu tekur varamaður við fram að næsta stjórnarkjöri. Ef formaður gengur úr stjórn á kjörtímabilinu tekur varaformaður við fram að næsta kjöri.

Markmið

- Auka stöðugleika í stjórn
- Tryggja að stjórnin endurnýist ekki öll í einu

Helstu breytingar

- Formaður kosinn til 4 ára í stað 3 ára
- Meðstjórnendur kosnir í tveimur hópum
- 7 meðstjórnendur kosnir á tveggja ára fresti
- Tveir varamenn stjórnar kosnir á aðalfundi
- Hámarksseta meðstjórnenda lengd úr 9 í 12 ár

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 91%

Nei: 9%

Tillagan er samþykkt.

#### **4. Bráðabirgðaákvæði um skiptingu kjörtímabila 2027**

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 9. gr. skal á aðalfundi Sameykis árið 2027 kjósa sjö meðstjórnendur til 2 ára og sjö meðstjórnendur til 4 ára. Atkvæðamagn í kosningu ræður hverjir sitja til 4 ára og

hverjir til 2 ára. Verði jafnt atkvæðamagn milli frambjóðenda sem ræður úrslitum um lengd kjörtímabils skal hlutkesti ráða.

Ef framboð eru jafnmörg eða færri en sæti sem kjósa skal í teljast frambjóðendur sjálfkjörnir. Í því tilviki ákveður uppstillingarnefnd skiptingu kjörtímabila þannig að sjö sitji til 4 ára og sjö til 2 ára.

Við útreikning á hámarkssetu skv. 9. gr. telst kjörtímabil sem úthlutað er til 2 ára samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu ekki með, hvort sem viðkomandi hefur áður setið í stjórn eða ekki. Fyrri kjörtímabil halda gildi sínu en umrætt 2 ára kjörtímabil telst ekki sem kjörtímabil í skilningi 9. gr.

Markmið:

Markmiðið með bráðabirgðaákvæðinu er að tryggja að nýtt stjórnarfyrrkomulag, þar sem stjórn endurnýjast í áföngum, komist á í reynd við kosningar árið 2027. Með skiptingu kjörtímabila í tvo hópa, til tveggja og fjögurra ára, er tryggt að helmingur stjórnar verði ávallt endurnýjaður á tveggja ára fresti. Þetta stuðlar að stöðugleika, samfelldri þekkingu innan stjórnar og skýrri innleiðingu nýs kerfis án þess að raska lögbundnu hámarki kjörtímabila

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 93%

Nei: 7%

Tillagan er samþykkt.

## **5. Tillaga að breytingu á 10. gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Kjör stjórnar fer fram við allsherjaratkvæðagreiðslu. Kjörstjórn skal senda félagsfólki kjörgögn. Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti ef því verður við komið, annars skriflegum og þá skal hafa hliðsjón af því sem tíðkast við utankjörfundarkosningu til Alþingis varðandi frágang kjörgagna. Kosning skal standa yfir í a.m.k. 10 daga ef hún er rafræn en 15 daga annars og skal henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum skulu ógild.

Kjörseðill skal vera tvískiptur þannig:

1. hluti fyrir formannskjör
2. hluti fyrir kjör meðstjórnenda

Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal vinnustað frambjóðenda og starfsheiti. Komi ekki fram tillögur um fleiri menn í hvert stjórnarsæti en kjósa skal eru þeir sjálfkjörnir.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Kjör stjórnar fer fram við allsherjaratkvæðagreiðslu. Kjörstjórn skal senda félagsfólki kjörgögn. Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti. Kosning skal standa yfir í a.m.k. 10 daga og skal henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum skulu ógild.

Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal vinnustað frambjóðenda og starfsheiti. Komi ekki fram fleiri framboð en í þau stjórnarsæti sem kjósa skal teljast frambjóðendur sjálfkjörnir.

Kjör tveggja varamanna stjórnar skulu fara fram á aðalfundi. Heimilt er að gefa kost á sér fram að kjöri á aðalfundi. Varamenn taka sæti eftir atkvæðamagni.

Markmið

- Einfalda kosningaferlið
- Samræma framkvæmd kosninga
- Tryggja skýrari reglur

Helstu breytingar

- Kosningar verða eingöngu rafrænar
- Kosning stendur í 10 daga
- Ákvæði um kjörseðil einfölduð
- Varamenn stjórnar kosnir á aðalfundi
- Heimilt að gefa kost á sér fram að kjöri á aðalfundi

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 98%

Nei: 2%

Tillagan er samþykkt.

## **6. Tillaga að breytingu á 11. gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Trúnaðarmannaráð skal kjósa uppstillingarnefnd sem skipuð er 9 einstaklingum og tveimur til vara. Kjósa skal nefndina á fyrsta haustfundi á kosningavetri. Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillingarnefndina sem lögð er fyrir Trúnaðarmannaráð.

Hlutverk uppstillingarnefndar er eftirfarandi:

Gera tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn orlofssjóðs, stjórn starfsmenntunarsjóðs, stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs og kjörstjórn.

Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir Trúnaðarmannaráð eigi síðar en 40 sólarhringum fyrir aðalfund þegar stjórn félagsins er kosin. Trúnaðarmannaráð skal afgreiða tillögur uppstillingarnefndar til samþykktar og verða þær tillögur ráðsins.

Kynna skal tillögur Trúnaðarmannaráðs á heimasíðu félagsins.

Heimilt er 50 eða fleiri félögum að gera tillögur um einn eða fleiri einstaklinga í stjórn. Skulu þær vera skriflegar og berast stjórn félagsins a.m.k. 25 sólarhringum fyrir aðalfund. Öllum tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um. Vanti samþykki aðila telst tillaga um hann ógild. Tillögum skulu fylgja upplýsingar um vinnustað, kennitala og heimilisfang.

Auglýsa skal eftir tillögum um stjórnarmeðlimi þegar stjórnarkjör fer fram, sbr. ákv. 9. og 10. gr.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Trúnaðarmannaráð skal kjósa uppstillingarnefnd sem skipuð er 9 einstaklingum.

Kjósa skal nefndina á haustfundi á kosningavetri. Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillingarnefndina sem lögð er fyrir trúnaðarmannaráð.

Hlutverk uppstillingarnefndar er eftirfarandi:

Að auglýsa með skilvirkum hætti kjör til formanns og stjórnar félagsins, stjórn orlofssjóðs, starfsmenntunarsjóðs, vinnudeilusjóðs, styrktar- og sjúkrasjóðs og kjörstjórnar. Auglýsa skal eftir framboðum þegar stjórnarkjör fer fram, sbr. ákv. 9. og 10. gr. laga þessara. Gera tillögur um meðstjórnendur í stjórn félagsins og um stjórnir orlofssjóðs, starfsmenntunarsjóðs, styrktar og sjúkrasjóðs, vinnudeilusjóðs og kjörstjórn. Þó er uppstillingarnefnd ekki skylt að gera slíkar tillögur ef framboð eru fleiri en sæti sem kjósa skal í.

Tillögur uppstillingarnefndar skulu liggja fyrir 60 dögum fyrir aðalfund og kynntar fyrir trúnaðarmannaráði og á heimasíðu félagsins. Framboðsfrestur er þar til 40 dögum fyrir aðalfund, uppstillingarnefnd tekur við framboðum og meðmælum framboðs. 50 meðmælendur þarf fyrir formannsframboð og 25 meðmælendur fyrir framboð í aðalstjórn félagsins. Uppstillingarnefnd hefur heimild til að framlengja framboðsfrest ef nauðsyn þykir.

Kynna skal framboð til trúnaðarstarfa á heimasíðu félagsins 25 dögum fyrir aðalfund, rafræn kosning hefst 11 dögum fyrir aðalfund og stendur í 10 daga.

Uppstillingarnefnd starfar eftir reglum sem samþykktar eru af stjórn. Uppstillingarnefnd er sjálfstæð í störfum sínum við framkvæmd hlutverks síns.

## Markmið

- Skýra hlutverk uppstillingarnefndar
- Setja skýrari tímamörk um framboð og kynningu
- Auka gagnsæi í kosningaferli

## Helstu breytingar

- Uppstillingarnefnd auglýsir framboð og tekur við þeim
- Uppstillingarnefnd gerir tillögur um stjórnir og kjörstjórn
- Ef framboð eru fleiri en laus sæti er uppstillingarnefnd ekki skylt að gera tillögu
- Sett eru skýr tímamörk um tillögur, framboð og kynningu
- Kröfur um meðmælendur eru skýrðar Uppstillingarnefnd starfar sjálfstætt við framkvæmd hlutverks síns

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 98%

Nei: 2%

Tillagan er samþykkt.

## 7. Tillaga að nýrri 12. gr.

Tillaga:

Þau sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa samkvæmt 3. kafla laga þessara skulu vera fullgildir félagar skv. 3. gr. og 5. gr. laga þessara. Félagsfólk sem er í ráðningarsambandi við félagið eða hefur starfað hjá því á síðustu þremur árum telst ekki kjörgengt til þeirra trúnaðarstarfa sem tiltekin eru í 3. kafla laga þessara.

Markmið

- Skýra hverjir eru kjörgengir til trúnaðarstarfa

Helstu ákvæði

- Frambjóðendur skulu vera fullgildir félagar skv. 3. og 5. gr.
- Starfsmenn félagsins eru ekki kjörgengir
- Sama á við um þá sem hafa starfað hjá félaginu síðustu 3 ár
- Síðari greinar færst niður um eina tölu.

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 86%

Nei: 14%

Tillagan er samþykkt.

## **8. Tillaga að breytingu á nógildandi 13(14) gr.**

Nógildandi grein er svohljóðandi:

Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar.

Dagskrá aðalfundar:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til staðfestingar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár og fjárhagsáætlun ársins kynnt.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
5. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
6. Kosnir fimm einstaklingar í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
7. Ákveðið árgjald félagsfólks og skipting þess milli sjóða.
8. Kosið í stjórn orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra.
9. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
10. Önnur mál.

Ofantalín eru sérstök verkefni aðalfunda, nema á því ári sem ekki fer fram stjórnarkjör, þá falla af dagskrá fundarins töluliðir 4, 6 og 8.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar.

Dagskrá aðalfundar:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár og fjárhagsáætlun ársins kynnt.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
5. Staðfesta skal val á löggiltum endurskoðanda félagsreikninga, kjósa tvo skoðunarmenn og tvo til vara.
6. Kosnir fimm einstaklingar í kjörstjórn og jafn margir til vara.
7. Ákveðið árgjald félagsfólks og skipting þess milli sjóða.
8. Kosning tveggja varamanna til stjórnar til 2 ára.
9. Kosið í stjórn orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra til 2 ára.
10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
11. Önnur mál.

Ofan talin eru sérstök verkefni aðalfunda, nema á því ári sem ekki fer fram stjórnarkjör, þá falla af dagskrá fundarins töluliðir 4, 6, 8, og 9.

#### Markmið

- Samræma dagskrá aðalfundar nýju kosningafyrirkomulagi
- Einfalda og samræma orðalag greinarinnar

#### Helstu breytingar

- Bætt er við kosningu tveggja varamanna stjórnar á aðalfundi
- Skýrt að kosið er til tveggja ára í stjórnir sjóða félagsins
- Orðalag og uppsetning dagskrár aðalfundar einfölduð

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 97%

Nei: 3%

Tillagan er samþykkt.

## 9. Tillaga að breytingum á 14. (15) gr.

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Kjörstjórn skipa fimm einstaklingar og jafnmargir til vara og skal kosin úr hópi fullgilds félagsfólks til þriggja ára á þeim aðalfundi þegar stjórnarkjör fer fram.

Kjörstjórn skal ásamt stjórn félagsins hafa á hendi undirbúning og framkvæmd kosningarinnar. Sé einstaklingur í kjörstjórn í framboði við stjórnarkjör skal hann víkja sæti fyrir varamanni. Sá varamaður sem flest atkvæði hefur fengið tekur fyrsta sæti sem losnar í kjörstjórn, þá sá sem næstflest atkvæði hefur fengið og þannig áfram.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Kjörstjórn skipa fimm einstaklingar og jafnmargir til vara og skal kosin úr hópi fullgilds félagsfólks til tveggja ára á þeim aðalfundi þegar stjórnarkjör fer fram.

Kjörstjórn ákveður fyrirkomulag kosningar, undirbýr hana og talningu atkvæða, fylgist með framkvæmd hennar, fer yfir niðurstöðu talningar og staðfestir úrslit kosningar.

Kjörstjórn sker úr um gildi vafaatkvæða.

Sé einstaklingur í kjörstjórn í framboði við stjórnarkjör skal hann víkja sæti fyrir varamanni. Sá varamaður sem flest atkvæði hefur fengið tekur fyrsta sæti sem losnar í kjörstjórn, þá sá sem næstflest atkvæði hefur fengið og þannig áfram.

Markmið

- Skýra hlutverk kjörstjórnar við framkvæmd kosninga
- Samræma kjörtímabil kjörstjórnar kosningafyrirkomulagi stjórnar

Helstu breytingar

- Kjörtímabil kjörstjórnar stytt úr 3 árum í 2 ár
- Hlutverk kjörstjórnar við undirbúning, framkvæmd og talningu kosninga skýrt
- Kveðið á um að kjörstjórn staðfesti úrslit kosninga og skeri úr um gildi vafaatkvæða
- Ákvæði um vafaatkvæða fært úr núverandi 16. gr.
- Ákvæði um þátttöku stjórnar í framkvæmd kosninga fellur brott

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 100%

Nei: 0%

Tillagan er samþykkt.

### **10. Tillaga að breytingu á 15. (16.) gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Stjórn félagsins lætur gera kjörskrá um allt félagsfólk er atkvæðisréttar nýtur, sbr. 6. gr. og skal hún liggja frammi á skrifstofu félagsins frá því að aðalfundur er auglýstur.

Allar kærur út af kjörskrá skal kjörstjórn úrskurða um. Kærufrestur rennur út sólarhring fyrir aðalfund.

Í kjörskrá skulu skráðar upplýsingar um kennitölu og heimilisfang félagsfólks.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Stjórn félagsins lætur gera kjörskrá um allt félagsfólk er atkvæðisréttar nýtur, sbr. 6. gr.

Í kjörskrá skulu skráðar upplýsingar um nafn, símanúmer og vinnustað félagsfólks.

Allar kærur út af kjörskrá skal kjörstjórn úrskurða um. Kærufrestur rennur út sólarhring fyrir aðalfund.

Áður en frambjóðendum er veittur aðgangur að félagaskrá Sameykis skulu frambjóðendur undirrita vinnslusamning um meðferð persónuupplýsinga við Sameyki, þar sem skýrt er kveðið á um heimildir, skyldur og ábyrgð þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Frambjóðendur skulu fá kynningu á þeim skilmálum sem í samningnum felast frá félaginu.

Markmið

- Samræma ákvæðið rafrænu kosningafyrirkomulagi
- Tryggja skýrari reglur um meðferð persónuupplýsinga

Helstu breytingar

- Upplýsingar í kjörskrá breytast: nafn, símanúmer og vinnustaður í stað kennitölu og heimilisfangs
- Ákvæði um að kjörskrá liggi frammi á skrifstofu félagsins fellur brott
- Kveðið á um að frambjóðendur undirriti vinnslusamning áður en þeim er veittur aðgangur að félagaskrá
- Meðferð persónuupplýsinga samræmd lögum um persónuvernd

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 98%

Nei: 2%

Tillagan er samþykkt.

### **11. Tillaga að breytingu á 16. (17.) gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Félagsfólk hefur frjálst val að kjósa þá einstaklinga sem í kjöri eru og skal það gert á þann hátt að merkja við fyrir framan nafn þess sem kosinn er. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn. Kjörstjórn getur heimilað rafræna kosningu.

Kjósa ber einn einstakling við formannskjör og fjórtán einstaklinga við kjör meðstjórnenda. Sé ekki kosin rétt tala stjórnarmanna í einhverjum hluta kjörseðils er hann ógildur að því er þann hluta varðar.

Kjörstjórn sker úr um gildi vafaatkvæða.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Félagsfólk hefur frjálst val að kjósa þá einstaklinga sem í kjöri eru og skal það gert á þann hátt að merkja við nafn þess sem kosinn er.

Kjósandi má greiða atkvæði með allt að þeim fjölda frambjóðenda sem kjósa skal í, en er ekki skylt að nýta allan þann fjölda.

Markmið

- Auka valfrelsi kjósenda í kosningum
- Einfalda reglur um atkvæðagreiðslu
- Samræma ákvæðið rafrænu kosningafyrirkomulagi

Helstu breytingar

- Ákvæði um rafræna kosningu fellur brott þar sem kosningar eru nú rafrænar skv. 10. gr.
- Skylda til að kjósa ákveðinn fjölda frambjóðenda fellur brott
- Kjósandi má greiða atkvæði með allt að þeim fjölda frambjóðenda sem kjósa skal í

- Ákvæði um vafaatkvæði flyst í 15. gr.

Umræður:

Umræður urðu um fyrirkomulag kjörs stjórnarmanna. Annars vegar kom fram tillaga um að kjósa sjö stjórnarmenn og hins vegar tillaga um að heimilt yrði að kjósa að lágmarki fjóra og allt að sjö stjórnarmenn. Þá kom fram ábending vegna 12. gr. Að loknum umræðum voru báðar tillögur bornar undir atkvæði.

Breytingartillaga um að kjósa sjö meðstjórnendur var borin undir atkvæði.

Niðurstöður

Já: 47%

Nei: 53%

Breytingartillagan er felld.

Breytingartillaga um að kjósa beri að lágmarki fjóra og að hámarki sjö borin undir atkvæði.

Niðurstöður

Já: 87%

Nei: 13%

Breytingartillagan er samþykkt.

Breytingar á 16. gr. (17. gr.) með áorðnum breytingum voru bornar undir atkvæði.

Niðurstöður

Já: 90%

Nei: 10%

Tillagan er samþykkt svohljóðandi:

Félagsfólk hefur frjálst val að kjósa þá einstaklinga sem í kjöri eru og skal það gert á þann hátt að merkja við nafn þess sem kosinn er.

Við kosningu sjö meðstjórnenda skv. 3. mgr. 9. gr. laga þessara má greiða atkvæði með allt frá fjórum til sjö einstaklingum. Séu greidd atkvæði með færri en fjórum eða fleiri en sjö telst kjörseðillinn ógildur hvað varðar viðkomandi kosningu.

## **12. Tillaga að breytingu á 24. (25.) gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Á hverjum vinnustað þar sem starfa fimm eða fleiri úr hópi félagsfólks skal kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann.

Á vinnustöð þar sem 50 eða fleiri úr hópi félagsfólks vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn, sbr. lög nr. 94/1986, vísast í þessu samhengi einnig til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í maí annað hvert ár (oddatöluár) skal kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, sem tilkynnt sé félagsstjórn. Velja má annan til vara.

Berist eigi tilkynning um val fyrir 31. maí má félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félagsfólki á vinnustaðnum.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Á hverjum vinnustað þar sem starfa fimm eða fleiri úr hópi félagsfólks skal kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann.

Á vinnustöð þar sem 50 eða fleiri úr hópi félagsfólks vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn, sbr. lög nr. 94/1986, vísast í þessu samhengi einnig til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í maí annað hvert ár (oddatöluár) skal kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, sem tilkynnt sé félagsstjórn. Velja má annan til vara.

Berist eigi tilkynning um val fyrir 31. maí má félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félagsfólki á vinnustaðnum.

Félagsstjórn setur trúnaðarmönnum og trúnaðarmannaráði starfsreglur.

Markmið: Formfesta núverandi fyrirkomulag.

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 96%

Nei: 4%

Tillagan er samþykkt.

### **13. Tillaga að breytingu á 25. (26.) gr.**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Trúnaðarmenn þeir sem eru kjörnir eða skipaðir samkvæmt 24. gr. eða kjörnir samkvæmt ákvæðum 27. gr. mynda ásamt stjórn Trúnaðarmannaráðs. Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk Trúnaðarmannaráðs að fjalla um kjara- og réttindamál félagsfólks, sérstaklega þegar gera á almenna kjarasamninga. Miða skal við að fundir

Trúnaðarmannaráðs séu haldnir að jafnaði í hverjum mánuði utan orlofstíma. Formaður félagsins er jafnframt formaður Trúnaðarmannaráðs.

Breytingartillagan er svohljóðandi með áorðuðum breytingum stjórnar:

Trúnaðarmenn þeir sem eru kjörnir eða skipaðir samkvæmt 25. gr., mynda ásamt stjórn trúnaðarmannaráð. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarmannaráðs. Aðilar samkvæmt 28. gr. eiga rétt til setu í trúnaðarmannaráði sem áheyrnarfulltrúar með fullt málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni koma í störfum trúnaðarmanna.

Einnig er það hlutverk trúnaðarmannaráðs að fjalla um kjara- og réttindamál félagsfólks, sérstaklega þegar gera á almenna kjarasamninga.

Miða skal við að fundir Trúnaðarmannaráðs séu haldnir að jafnaði í hverjum mánuði utan orlofstíma.

Markmið

- Skýra hverjir mynda trúnaðarmannaráð og hverjir sitja þar sem áheyrnarfulltrúar

Helstu breytingar

- Skýrt tekið fram að trúnaðarmenn skv. 25. gr., ásamt stjórn félagsins, mynda trúnaðarmannaráð
- Kveðið sérstaklega á um að aðilar skv. 28. gr. eigi rétt til setu sem áheyrnarfulltrúar
- Áréttað að formaður félagsins sé jafnframt formaður trúnaðarmannaráðs
- Orðalag og númeratívisanir samræmdar, en hlutverk ráðsins að öðru leyti óbreytt

Umræður:

Kári Sigurðsson, leggur til að orðunum „með fullt málfrelsi og tillögurétt“ verði bætt við í lok 1. mgr.

Tillagan borin upp til samþykktar með áorðuðum breytingum.

Niðurstöður

Já: 98%

Nei: 2%

Tillagan er samþykkt.

#### 14. Tillaga að breytingu á 36. (37.) gr.

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi tillögur þar að lútandi borist frá félagsfólki til félagsstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu og á vefsíðu félagsins sjö sólarhringum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi er heimilt að gera breytingartillögur við löglega fram komnar tillögur til lagabreytinga, enda feli breytingartillögur ekki í sér óskyld efni við upprunalegu tillögurnar.

Til að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða. Um leið og samþykkt er breyting á lögum skal ákveðið með fundarsamþykkt hvenær breytingin tekur gildi.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi tillögur þar að lútandi borist frá fullgildu félagsfólki til félagsstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu og á vefsíðu félagsins sjö sólarhringum fyrir aðalfund.

Á aðalfundi er heimilt að gera breytingartillögur við löglega fram komnar tillögur til lagabreytinga, enda feli breytingartillögur ekki í sér óskyld efni við upprunalegu tillögurnar.

Til að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögum þessum öðlast gildi við slit aðalfundar Sameykis og falla þá eldri lög úr gildi, nema annað sé ákveðið á fundinum.

Markmið

- Skýra reglur um gildistöku lagabreytinga

Helstu breytingar

- Almennt ákvæði sett um að lög taki gildi við slit aðalfundar
- Heimild áfram fyrir aðalfund til að ákveða aðra gildistöku ef þörf krefur
- Fyrri ákvæði um að fundurinn ákveði sérstaklega gildistöku fellur brott

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 97%

Nei: 3%

Tillagan er samþykkt.

#### **15. Orðalagsbreytingar og samræming á framsetningu og texta.**

Umræður: Engar

Niðurstöður

Já: 95%

Nei: 5%

Tillagan er samþykkt.

#### **4. Staðfesting á löggiltum endurskoðanda, kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara**

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar um endurskoðendur:

Sigrún Guðmundsdóttir og Karl Óskar Þráinsson frá ODT endurskoðun ehf.

Ekki bárust athugasemdir eða krafa um rafræna atkvæðagreiðslu og var tillagan því staðfest með handauppréttingu.

Tillaga um tvo skoðunarmenn:

Egill Heiðar Gíslason og Birgitta Vigfúsdóttir

Ekki bárust athugasemdir eða krafa um rafræna atkvæðagreiðslu og var tillagan því staðfest með handauppréttingu.

og til vara:

Ásdís Hrund Þórarinsdóttir og Inga Lára Pétursdóttir

Ekki bárust athugasemdir eða krafa um rafræna atkvæðagreiðslu og var tillagan því staðfest með handauppréttingu.

#### **5. Árgjald og skipting þess á milli sjóða**

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, kynnti tillögu stjórnar.

Stjórn Sameykis leggur til að félagsgjald verði 0,95% af heildarlaunum félagsfólks. Lagt er til að skipting þess verði þannig að 0,82% af heildarlaunum fari í Félagssjóð Sameykis og 0,13% í Vinnudeilusjóð. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi 1. júní nk. Formaður benti á að ef harðnar í deilum gæti félagið gripið til þess ráðs sem áður hefur verið beitt, að hækka félagsgjaldið tímabundið þannig að hækkunin renni beint í vinnudeilusjóð en ekki í almennan félagssjóð.

Tillagan er samþykkt með handauppréttingum

## 6. Sameining við Póstmannafélag Íslands

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, kynnti sameiningartillögu stjórnar PFÍ og Sameykis, sem felur í sér að félögin sameinist undir heiti Sameykis stéttarfélags í almannáþjónustu frá og með 1. janúar 2026.

Í máli hans og í gögnum sem fyrir lágu kom fram að Póstmannafélag Íslands telur 377 félagsfólk og hefur fengið staðfestingu á því að sameining við stærra og öflugra félag sé nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi þjónustu og hagsmunagæslu félagsfólks. Félagið var áður mun stærra og rekstur orðin mjög þungur.

Sameiningin felur í sér að öll réttindi, kjarasamningar og eignir PFÍ flytjast óbreytt yfir til Sameykis og félagsfólk koma inn með full réttindi frá gildistöku sameiningarinnar.

Fram kom að rekstur orlofseigna PFÍ hefur verið fjárhagslega íþyngjandi. Félagið hefur þegar þurft að selja eina orlofseign til að standa undir rekstri og ljóst er að áframhaldandi rekstur myndi kalla á frekari sölur ef félagið héldi áfram sjálfstætt. Sameiningin felur í sér að félagsfólk PFÍ fái aðgang að öflugri orlofskerfi Sameykis með fjölmörgum eignum, bæði á Íslandi og erlendis.

Sameiningin er því lögð fram sem ábyrg og nauðsynleg ráðstöfun til að tryggja stöðugleika í rekstri, betra bakland og óbreytt réttindi félagsfólks PFÍ til framtíðar.

Sameinað félag mun áfram bera heitið Sameyki stéttarfélag í almannáþjónustu og rekstur félagsins verður áfram á sömu kennitölu og áður.

Lagt er til að sameinuð félög verði gerð upp í einu lagi fyrir rekstrarárið 2026, þannig að ársreikningur og tengd lögbundin skil endurspegli sameinaða starfsemi frá 1. janúar 2026.

Tillaga:

Stjórn Sameykis leggur til við aðalfund félagsins að Sameyki og Póstmannafélag Íslands sameinist með þeim hætti að Sameyki yfirtaki alla starfsemi Póstmannafélags Íslands, eignir þess og skuldir, réttindi og skyldur. Sameiningin tekur gildi þegar aðalfundur hvors félags hefur samþykkt tillöguna.

Umræður:

Óskað var eftir skýringum á því í hverju eignir PFÍ fælust. Formaður upplýsti að um væri að ræða m.a. orlofseignir og hlut í fasteigninni að Grettisgötu 89.

Niðurstöður

Já: 93%

Nei: 7%

Tillagan er samþykkt.

## 7. Ályktanir aðalfundar

Tillögur að ályktunum fyrir aðalfund Sameykis 2026

### Ályktun 1: Ályktun aðalfundar Sameykis um áform ríkisstjórnarinnar að afnema áminningarskylduna úr lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna

Aðalfundur Sameykis gagnrýnir harðlega áform ríkisstjórnarinnar um að afnema áminningarskyldu úr starfsmannalögum. Slík breyting er alvarleg aðför að réttindum og starfsöryggi opinberra starfsmanna og grefur undan grundvallarreglum réttlátrar málsmeðferðar í opinberri stjórnslu.

Áminningarskyldan er hornsteinn réttlátrar málsmeðferðar og tryggir að starfsfólk fái sanngjarnt tækifæri til úrbóta áður en gripið er til uppsagnar eða annarra agaviðurlaga. Með því að afnema þessi lög eru opinberir starfsmenn gerðir berskjaldaðri gagnvart geðþóttaákvörðunum stjórnenda og veikir það réttaröryggi sem telst sjálfsagt í nágrannaríkjum Íslands.

Aðalfundur Sameykis telur að slík afturför samræmist hvorki alþjóðlegum vinnuréttarviðmiðum né þeim gildum um réttlæti, traust og fagmennsku sem opinber þjónusta á að byggja á. Opinberir starfsmenn halda uppi grunnþjónustu samfélagsins og eiga rétt á skýrum og réttlátum leikreglum í starfi og þess er krafist að ríkisstjórnin dragi þessi áform tafarlaust til baka og tryggi að réttindi opinberra starfsmanna verði ekki skert heldur séu í samræmi við alþjóðleg viðmið og norræna fyrirmynd.

Samþykkt með lófataki.

### Ályktun 2: Ályktun aðalfundar Sameykis um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar

Aðalfundur Sameykis lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt í baráttunni við verðbólgu. Sú nálgun sem nú er viðhöfð byggir í auknum mæli á aðhaldi sem lendir fyrst og fremst á heimilum og launafólki, á sama tíma og misskipting eykst og lífskjör margra versna. Aðalfundur Sameykis hafnar þeirri hugmynd að lausnin á efnahagsvandnum felist í því að velta byrðum verðbólgunnar yfir á heimilin eða þrengja að velferðarkerfinu.

Fundurinn varar jafnframt við því að núverandi þróun setji kjarasamninga í verulega hættu. Samningarnir byggja á skýru forsenduákvæði um að verðbólga haldist innan ákveðinna marka, en viðmiðið er 4,7% verðbólga. Nú mælist verðbólga 5,2% og er því yfir þeim mörkum sem

samningarnir gera ráð fyrir. Haldi þessi þróun áfram með tilheyrandi kaupmáttarskerðingu er raunveruleg hættu á að forsendur kjarasamninganna bresti.

Aðalfundur Sameykis skorar á stjórnvöld og atvinnurekendur að axla sameiginlega ábyrgð á lausn efnahagsvandans í raunverulegu samstarfi við stéttarfélögin og bandalög þeirra. Launafólk getur ekki borið byrðarnar eitt og sér. Nauðsynlegt er að ráðast í aðgerðir sem draga úr verðbólgu án þess að auka misskiptingu eða sem ógna kjarasamningum og skerða lífskjör almennings.

Samþykkt með lófataki.

## **8. Önnur mál**

Kári Sigurðsson tilkynnir að hefð sé að velja trúnaðarmenn ársins á aðalfundi og gefur Kristínu Ernu Arnardóttur orðið sem kynnrir trúnaðarmenn ársins.

### **Trúnaðarmenn ársins kynntir:**

Ottó Hörður Guðmundsson trúnaðarmaður Sameykis í Grafarvogslaug

Kristbjörg H. Guðmundsdóttir trúnaðarmaður Sameykis hjá Landhelgisgæslunni.

### **Fundarstjóri gaf orðið laust. Engar frekari umræður fóru fram.**

Í lok fundar segir fundarstjóri frá því að fundargerð verði sett á vefinn og hægt sé að senda inn athugasemdir. Berist athugasemdir ekki fyrir 1. maí nk. Þá sé litið á fundargerðina sem samþykta.

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, þakkar fyrir góðan fund. Hann slítur fundi 19:10 og býður fólki að þiggja veitingar.